

BORGARRÁÐ 7. júlí 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Klapp, greiðslukerfi Strætó - MSS22070062

Óskað er upplýsinga um hvenær vænta má svars við fyrirspurnum Flokks fólksins um Klapp greiðslukerfið. Meðal fyrirspurna var hversu margar kvartanir hafa borist vegna hins nýja greiðslukerfi. Einnig er óskað eftir að brugðist verði við tillögu Flokks fólksins sem lögð var fram 3 mars sl. þar sem því var beint til stjórnar Strætó að samþykkja að hægt verði að nota eldri greiðsluaðferðirnar áfram þar til reynsla er komin á nýtt greiðslukerfi Strætó. Ekki eiga allir tölvur eða snjall/farsíma og geta þar af leiðandi ekki notað Klapp og Mínar síður. Hér má nefna t.d. ákveðinn hóp fatlaðs fólks, eldra fólks og fólks af erlendum uppruna t.d. hælisleitendur sem ekki tala tungumálið, eru ekki með kennitölu og eiga ekki rétt á að sækja um rafræn auðkenni. Klapp 10 er ekki valkostur sem er sambærilegur öðrum kostum. Fulltrúa Flokks fólksins finnst það ekki tímabært að loka á möguleikann að nota pappírsmiða. Fólk af erlendu bergi brotið sem t.d. talar ekki tungumálið á erfitt með þessar breytingar. Margt fólk, t.d. hælisleitendur býr í Breiðholti og er Mjóddin skiptistöð fyrir marga. Þetta fólk á erfitt með að finna leið upp í Hesthás.